

Danska í 8.bekk - 2025-2026

Kennarar: Ólafur Atli Sindrason

8

Lýsing

Æfingar í málfræði, lestri og hlustun. Orðaforði bættur með því að vinna með sagnorð. Æfingar í því að hlusta á dönsku og að hlusta á danskt myndefni.

Athugað hvernig danska og íslenska tengjast og hvernig má nýta þekkingu í íslensku til þess að geta sér til um merkingu.

Nemendur prófa sig áfram í því að skrifa stuttar og einfaldar setningar og búa sig undir að geta bjargað sér við algengar aðstæður í daglegu lífi.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Reynt er að gera kennsluna aðgengilega og lifandi eftir því sem kostur er og hæfir í tungumálanámi. Því er reynt að láta tungumálið hljóma með því að prófa sig áfram í því að lesa setningar, hlýða á talað mál og að sjá myndefni. Samhliða því eru unnin verkefni sem nemendur vinna ýmist einir eða í pörum og fá þeir þar að láta reyna á þekkingu sína og að finna með aðstoð kennara, samnemenda og hjálpargagna á netinu, svo sem orðabókar, hvernig best má leysa hvert verkefni um sig. Verkefnin geta falist í því að þýða texta í smáatriðum, í því að skilja aðalatriði og í því að geta gert greinarmun á nútíð og þátíð sagna, á eintölu og fleirtölu nafnorða eða að skrifa stuttan texta.

Hver námsþáttur metinn fyrir sig. Nemendur fá æfingu í því að bæta við orðaforða sinn með því að safna að sér sagnorðum og nafnorðum sem byggja grunn merkingar. Einnig er farið yfir föst orðasambönd sem algeng eru og gott er að hafa á takteinum.

Námsmat

Hver námsþáttur metinn fyrir sig. Nemendur fá æfingu í því að bæta við orðaforða sinn með því að safna að sér sagnorðum og nafnorðum sem byggja grunn merkingar. Þeir vinna verkefni í kennslustundum sem eru hjálfunarverkefni en taka svo sérstök matsverkefni sem sýna hvernig til hefur tekist við námið.

Við lok annar er gefin heildareinkunn á skalanum A-D svo sem getið er um í skólanámskrá.

Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Tjáning og miðlun

- Tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt.

Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Verið óhræddur að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og séð í þeim nýja möguleika.

Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Nýtt hæfni sína til að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi.

Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Nýting miðla og upplýsinga

- Nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu.

Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Ábyrgð og mat á eigin námi

- Gert sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt í námi og haft skýra sjálfsmynd.

VS Danska 8.bekkur

- **Framvinda**
- Hæfnieinkunn (tákn)
- **Samantekt**
- Samantekt

VS Danska 8.bekkur - Hlustun

- Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.
- Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.
- Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

VS Danska 8.bekkur - Lesskilningur

- Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.
- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.

- Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.

VS Danska 8.bekkur - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
- Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.
- Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.

VS Danska 8.bekkur - Frásögn

- Sagt hnökralítið, með nokkuð réttum framburði, frá efni sem hann þekkir.
- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.
- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

VS Danska 8.bekkur - Ritun

- Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmýnda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.
- Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.
- Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.

VS Danska 8.bekkur - Menningarlæsi

- Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

VS Danska 8.bekkur - Náms hæfni

- Beitt lyklnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram.
- Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.
- Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.
- Nýtt sér algengustu hjálparteki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

- Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.

NÁMSEFNI/GÖGN



På ferir i Danmark

Lesbók



Grammatik

Uppflettirit



Fjölbreyttir kennsluhættir í dönsku



Dansk her og nu